

Áherslupættir í Melaskóla

Undir samfélagsfræðigreinar heyra m.a. saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðarfræði, lífsleikni, heimsspeki ásamt siðfræði. Samfélagsgreinar fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt og fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju, virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Samfélagsgreinum er ætlað að flétta saman þekkingu, færni og tilfinningum sem byggjast á upplifun og sköpun nemandans. Á yngsta stigi er lögð áhersla á þemanám í samfélagsgreinum. Námið er samþætt við íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, safnakennslu, list- og verkgreinar, upplýsinga- og tæknimennt, útikennslu og skólaþróttir þar sem unnið er með heildstæð verkefni.

Hæfniviðmið í samfélagsgreinum við lok 4. bekkjar getur nemandi:	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Reynsluheimur <i>Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann.</i>	Nemandi gerir sér grein fyrir nærsamfélagi sínu, (ég, fjölskyldan, skólinn og nánasta umhverfi).	Nemandi geti bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu.	Nemandi átti sig á að hann er hluti af stærra samfélagi. Nefnt dæmi um einkenni um stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar.	Nemandi átti sig á hlutverki og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar. Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi.
Hugarheimur <i>Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.</i>	Sagt frá sjálfum sér og nærumhverfi sínu.	Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna, og virt reglur í samskiptum.	Skilið og virt reglur í samskiptum. Áttað sig á skráðum og óskráðum reglum og þekkt dæmi þar um	Farið eftir reglum í samskiptum og áttað sig á skráðum og óskráðum reglum.
Félagsheimur <i>Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl við aðra.</i>	Sett sig í spor annarra og borið virðingu fyrir öðrum.	Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform.	Áttað sig á að fólk hefur ólíkan bakgrunn og borið virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.	Áttað sig á margbreytileika mannlífs í tíma og rúmi og öðlast virðingu fyrir menningu annarra þjóða.

Námsgögn	<p>Ég og fjölskyldan mín. Vinir og skólafélagar. Mikilvægi reglna í skóla, umferð og samskiptum. Vinátta. Skólinn minn. Nærumhverfi. Menning. Undrið. Líkaminn. Bekkjafundir.</p>	<p>Ferðataska. Árstíðirnar. Menning. Veðurathuganir. Náttúruvernd. Trúarbrögðin okkar. Goðafræði. Bekkjafundir.</p>	<p>Ferðataska. Íslensku húsdýrin. Menning. Jólasveinaleikrit. Höfuðáttirnar. Kort og uppdrættir. Himingeimurinn. Jörðin. Náttúruvernd. Sjálfbærni. Jafnrétti. Búddatrú. Bekkjafundir.</p>	<p>Fjöll á Íslandi. Ísland áður fyrr. Landnám. Próun byggðar í Reykjavík. Fornminjar. Mannkynssaga. Náttúruvernd. Jólaguðspjallið. Gyðingdómur. Bekkjafundir.</p>
Námsmat	Frágangur verkefna, virkni og þátttaka í samvinnuverkefnum og áhugi nemenda metinn.	Frágangur verkefna, virkni og þátttaka í samvinnuverkefnum og áhugi nemenda metinn.	Frágangur verkefna, virkni og þátttaka í samvinnuverkefnum og áhugi nemenda metinn.	Frágangur verkefna, virkni og þátttaka í samvinnuverkefnum og áhugi nemenda metinn.